

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1963

30. apríl.

275

Nr. 43.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. a, fyrri málslíður orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{2}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum frá 1963, um tollskrá o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

3. apríl.

Nr. 44.

L Ö G

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða teknískan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

A 35

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða teknískan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá teknískum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem risa kann um notkun starfsheita, sem feila í sér orðið „ingeniör“.

8. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Gjört að Bessastöðum, 3. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.